



## » FJÖLSKYLDU- FYRIRTÆKIN RÁÐANDI

Mikill meirihluti stærstu útgerðarfélaga landsins er í fjölskyldueigu. » 6

**BEITIR**  
EHF  
Nýsmíði og hönnun  
úr rústfríu stáli  
Sími: 424 6650 | www.beitir.is

# Fiskifréttir

### FIMMTUDAGUR

21. FEBRÚAR 2019

8. tbl. 38. árg.



### Byggja yfir starfsmenn

Skinney-Þinganes á Hornafirði brást við húsnæðisvandræðum starfsmanna sinna á staðnum með því að byggja fjölbýlishús og raðhús og slá þannig á þennan vanda. » 5

### Flæktir hvalir

Allt að helmingur þeirra hnúfubaka sem sést hafa í hafinu umhverfis Ísland ber þess merki að hafa flæktst í veiðarfærum. » 7



### Sama nafn í 79 ár

Nýr skuttogari, Páll Pálsson ÍS 102, bættist í flota Hnífsdælinga á síðasta ári. Saga skipsnafnsins spannar brátt 79 ár. Hér er gripið niður í þeirri sögu. » 8



Áhöfnin á Engey RE mælti sér mót við Pál Pálsson ÍS nýlega þar sem bæði skipin voru á veiðum á Vestfjarðamiðum. Ástæðan var að þeir síðarnefndu áttu handbæran varahlut sem sárlega vantaði á Engeynni. MYND/BORGAR BJÖRGVINSSON

## Segir Icelandic að engu gert

Ég myndi ekki reyna að búa til „brand“ úr þorskinum. Við eyðilögðum það með Icelandic,“ sagði Róbert Guðfinnsson, athafnamaður á Siglufirði, í erindi sem hann hélt í Þekkingarsetri Vestmannaeyja fyrir skemmstu.

Sjálfur var hann stjórnarformaður

Icelandic Group um árabíl en síðar fór Icelandic Group illa út úr hruninu og lenti þá í höndum Framtakssjóðs.

„Þar töldu menn best að brjóta þetta niður, leigja vörumerkið til samkeppnisaðilans vegna þess að menn treystu sér ekki að fara hina leiðina. Það þarf ekkert að leyna því

að ég var mjög ósáttur við þá aðgerð,“ sagði Róbert.

Róbert kom annars víða við í erindi sínu og hvatti meðal annars Vestmannaeyinga til að huga að tækifærum í úthafseldi. Þar sé framtíð fiskeldis hér á landi sem annars staðar. » 3



LYFTARAR Í MIKLU ÚRVALI  
fyrir sjávarútveg, iðnað  
og vöruhús



Róbert Guðfinnsson athafnamaður segir miklar breytingar framundan í fiskeldi

# Trillukarlasyndrómið ráðandi

Róbert telur vonlítið að byggja upp vörumerki fyrir íslenska þorskin, úr því sem komið er. Meðferðin á Icelandic Group hafi eyðilagt vörumerkið.

GUÐSTEINN BJARNASON  
gudsteinn@fiskifrettir.is

Ég segi stundum um sjávarútveginn að hann sé fullur af tækjaóðu fólki með trillukarlasyndrómið,“ sagði Róbert Guðfinnsson, athafnamaður á Siglufirði, þegar hann flutti erindi í Þekkingarsetri Vestmannaeyja fyrir skemmstu. „Menn vilja fá öll flottustu tækin, öll bestu fiskileitartækin. Þeir vilja fara og veiða fisk, helst selja hann á markaði, fá borgað á morgun og fara aftur út að veiða. Þetta kalla ég trillukarlasyndrómið.“

Hann segist vel skilja trillukarlíni, en hins vegar skilji hann ekki hvers vegna menn séu staddir þar þegar komið er út í stærri myndina. „Ef þú skoðar stóru myndina þá er það hinn endanlegi neytandi sem skiptir öllu máli og þú vilt að hann dragi vöruna í gegnum kerfið en ekki að þú þurfir að ýta henni. Til þess að hann vilji draga þetta í gegnum kerfið hjá þér þá verðurðu að byggja upp ímynd og byggja upp eftirspurn, og það er þar sem ég tel að við höfum feilað.“

Róbert segir það vissulega vera erfitt að byggja upp vörumerki sem skilar nægum tekjum til að menn leggi út í þann kostnað. „Ísland á í raun ekki nema tvö vörumerki. Annað er Ísland, nafnið á landinu, og hitt er Björk.“

## Icelandic að engu gert

Íslendingar reyndu um tíma að byggja upp vörumerkið Iceland fyrir íslenskt sjávarfang en Róbert segir þær tilraunir að engu orðnar. Sjálfur var hann stjórnarformaður Icelandic Group um árabíl og reyndi þá ýmislegt til að útvega fjármagn til uppbyggingar. „Ég var að reyna að byggja þetta upp í ákveðna stærð. Mig dreyndi um að gera þetta að vörumerki þar sem við hefðum haft eitthvað að segja við dreifiaðilana.“

Hann sagði dreifiaðilana í Bandaríkjunum meira og minna ráða ferðinni í þessum efnunum og reyndi því að fara í stóra hlutfáruáukningu til þess að taka yfir bandarískt fyrirtæki. „Mér er það mjög minnisstætt, ég held það hafi verið árið 2003,“ sagði Róbert, „að ég heimsótti einn af stóru lífeyrissjóðunum og sat á fundi með einum af forstjórunum. Ég hélt þessa þrumuræðu að ég hélt, þegar hann segir við mig: Róbert minn, í þessum sjóði höfum við ákveðið að færa okkur



Róbert Guðfinnsson, athafnamaður á Siglufirði.

MYND/ÓMAR ÓSKARSSON



OceanFarm 1, úthafskvínn frá Kína sem SalMar í Noregi er að prófa.

MYND/SALMAR

alfarið út úr sjávarútvegi. Þið standist ekki samkeppni í ávöxtun við bankana og tryggingarfélagin. Ég veit ekki hvað varð mikið eftir af eignum hans í þeim félögum eftir hrun, en þetta er mentaletið.“

Icelandic Group fór síðan illa út úr hruninu og lenti í höndum Framtakssjóðs Íslands. „Þar töldu menn best að brjóta þetta niður, leigja vörumerkið til samkeppnisaðilans vegna þess að menn treystu sér ekki að fara hina leiðina. Það þarf ekkert að leyna því að ég var mjög ósáttur við þá

aðgerð þó ég hafi kannski ekkert haft um það að segja vegna þess að ég var alfarið kominn út úr íslenskum sjávarútvegi.“

Hann virðist telja vonlítið úr þessu fyrir Íslendinga að snúa við blaðinu og reyna að byggja upp þekkt vörumerki, eða „brand“ fyrir íslenskan þorsk. „Ég myndi ekki reyna að búa til „brand“ úr þorskinum. Við eyðilögðum það með Icelandic.“

## Úthafselði er framtíðin

Róbert ræddi einnig um framtíð laxeldis hér á landi. Hann þekkir

vel til fiskeldis því á yngri árum bjó hann lengi í Mexíkó þar sem hann var með túnfiskeldi. Einnig var hann með laxeldi suður í Chile. „Þá fékk ég áhuga á þessu og hef enn áhuga.“

Hann segir menn þurfa að búa sig undir miklar breytingar í fiskeldi á næstu árum og áratugum, og brá upp á skjáinn mynd af Ocean Farm úthafselðiskví sem norski fiskeldisrisinn Salmar er byrjaður að gera tilraunir með.

„Ég held að það fiskeldi sem við þekkjum í dag muni verða

eins og það er næstu árin, upp í einn áratug eða hvað, en ég trúi því að þetta muni færast allt út í haf,“ sagði hann.

„Ísland er byggilegt af því við höfum golfstrauminn, en hann klofnar fyrir sunnan land. Ég hef því varpað þeirri spurningu fram að ef við ætlum að vera í úthafselði hvar best sé að vera með úthafselði. Því er verr og miður þá er það ekki fyrir utan Siglufjörð.“

Vestmannaeyjar henti þar betur, telur Róbert.

„Ég held að úthafselði verði hér við suðurströndina út af golfstraumnum, og ég trúi því og er nokkuð sannfærður um það að það sé þess virði að menn taki sig saman og byrji grunnrannsóknir á því hverjar eru náttúrlegar aðstæður hér sunnan við Eyjarnar fyrir framtíðar fiskeldi ef þetta er að fara í úthafselði.“

Hann trúir því að Vestmannaeyjar geti orðið mikilvæg miðstöð úthafselðis, rétt eins og Stavanger í Noregi er mikilvæg miðstöð fyrir olíuvinnslu þar í landi, enda þótt olían sé að sjálfsgöðu ekki unnin í Stavan-

ger. „Enda er það þannig að þessir nýju brunnbátar geta haldið fiskinum á lífi í nokkra daga. Úthafselði er þannig ekkert háð því að það sé höfn rétt hjá til að vinna fiskinn. Þú getur siglt með hann til Bretlands eða þess vegna til Portúgal þar sem hann er unnin. En þú þarft alltaf að vera með höfn, eins og Stavanger, sem er nálægt þessu.“